

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Farsældartún, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna.

1. gr.

Heiti.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og er nafn hennar Farsældartún, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sem og reglugerð nr. 140/2008 um sama efni.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, er í Mosfellsbæ.

3. gr.

Markmið.

Tilurð stofnunarinnar má rekja til samkomulags Skálatúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna við sjálfseignarstofnunina Skálatún, dags. 25. maí 2023, um yfirtöku á eignum og starfsemi Skálatúns með þeim fyrirvara að það skuli gert í þágu barna og fjölskyldna, sbr. viðauka I í fylgiskjali I.

Markmið Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna er óhagn-aðardrífín starfsemi til almannaheilla, með því að eiga og nýta lóðarréttindi að Farsældartúni, fasteignir og aðrar eignir sem stofnunin yfirtók frá sjálfseignarstofnuninni Skálatúni, sbr. fylgiskjal I. Markmiðið er framtíðaruppbygging á svæði Farsældartúns í þágu barna og fjölskyldna þeirra.

Stofnunin mun eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi fasteigna er tilheyra stofnuninni á svæði Farsældartúns í Mosfellsbæ, svo og með uppbyggingu fasteigna á svæðinu, í þágu opinberrar starfsemi á málefnasviði barna- og fjölskyldna. Jafnframt mun stofnunin standa við skuldbindingar sínar skv. samkomulagi milli stofnunarinnar, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um afnot af húsnæði á svæði Farsældartúns í þágu núverandi íbúa, þar til Mosfellsbær hefur afhent allar íbúðirnar til stofnunarinnar, sbr. fylgiskjal II.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar fyrst og fremst í samræmi við markmið skipulagsskrárinnar; í eignarhald á landi Farsældartúns og þróun þess, t.d. með uppbyggingu fasteigna, og í rekstur og viðhald fasteignanna. Fasteignir stofnunarinnar verða nýttar undir opinbera starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga á málefnasviði barna og fjölskyldna. Stjórn hefur þó heimild til að ákveða að leigja hluta fasteigna stofnunarinnar til sjálfseignarstofnana eða félagasamtaka sem starfa í þágu barna og fjölskyldna þeirra, sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða, og eftir atvikum, til einkaaðila sem starfa að málefnum barna, ungmenna og fjölskyldna.

4. gr.

Stofnandi og stofnfé.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar var mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, Sölvhólsgötu 4, Reykjavík. Stofnfé var kr. 1.480.000, sem var framlag stofnanda hennar. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnanda hennar.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skipa þrír aðilar, tveir tilnefndir af mennta- og barnamálaráðherra og einn tilnefndur af Mosfellsbæ, til tveggja ára í senn. Þrír varamenn mega vera skipaðir með sama hætti. Kynjahlutfall þeirra sem sitja í stjórn skal á hverjum tíma vera sem jafnast. Annar fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytis skal vera formaður stjórnar en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum sjálfseignarstofnunarinnar. Hún stýrir öllum málefnum stofnunarinnar, þ.m.t. fer hún með meðferð og vörslu fjármuna hennar, og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé í réttu og góðu horfi og í samræmi við skipulagsskrá.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina, sbr. þó 4. mgr. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir, t.d. varðandi ráðstöfun eigna stofnunarinnar, svo sem fasteigna eða fjármuna, eða breytingar á samþykkt þessari, má ekki taka nema stjórnin sé fullskipuð, eftir atvikum með aðkomu varamanna og eftir atvikum skal upplýsa mennta- og barnamálaráðherra auk bæjarstjórnar Mosfellsbæjar um slíkar ákvarðanir.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði við atkvæðagreiðslu skv. málsgrein þessari. Rita skal fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

6. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda eða felur framkvæmdastjóra það, sbr. 9. gr. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Sama rétt á kosinn endurskoðandi/skoðunarmaður, sbr. 10. gr.

7. gr.

Ársfundur.

Ársfund stofnunarinnar skal halda eigi síðar en 31. maí ár hvert. Á ársfundi skal stjórn gera grein fyrir starfsemi stofnunarinnar síðastliðið ár, ársreikningi, svo og fjárhags- og framtíðarhorfum. Þá fer kosning stjórnar fram á tveggja ára fresti. Stjórn, framkvæmdastjóri og endurskoðandi/skoðunarmaður, ásamt fulltrúum þeirra aðila sem tilnefna stjórnarmenn og tilnefndir stjórnarmenn, skulu eiga rétt á að sitja ársfund.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna er heimilt að ráða framkvæmdastjóra, og ákveða starfskjör hans. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður með málfrelsi og tillögurétt, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðandi/skoðunarmaður reikninga.

Stjórn Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna skal velja endurskoðanda eða skoðunarmann til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

Endurskoðandi eða skoðunarmaður skal ekki eiga hagsmuna- eða starfstengsl við sjálfseignarstofnunina.

10. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Að ársfundi loknum, og eigi síðar en 30. júní ár hvert, skal stjórnin senda ársreikninginn til Ríkisendurskoðunar, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á reikningsárinu. Fyrsta reikningsárið er frá stofnun sjóðsins til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta ákvæðum skipulagsskrár þessarar, sameina Farsældartún, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, eftir atvikum með aðkomu varamanna, auk samþykkis mennta- og barnamálaráðherra og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

12. gr.

Önnur ákvæði.

Fjármunum stofnunarinnar skal eingöngu varið í samræmi við markmið hennar.

Eigi má selja fasteignir Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna eða binda þær veðböndum, nema með samþykki allra stjórnarmanna og að fengnu samþykki sýslumanns að undangenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, sbr. og fyrirvara í samningi stofnunarinnar og Mosfellsbæjar, sbr. fylgiskjal II um lóðarréttindi. Þar kemur fram að þinglýsa skuli kvöð á eignir á lóðinni L123763 um að framtíðaruppbygging á svæðinu verði einungis í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Jafnframt verði kvöð þinglýst um að Farsældartúni, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna sé óheimilt að ráðstafa lóðinni L123763 til annarra aðila en þeirra sem að framan greinir nema með samþykki Mosfellsbæjar. Kvöðin hefur þó engin áhrif á þá starfsemi við núverandi íbúa að Farsældartúni sem fram fer í þeim mannvirkjum sem standa á lóðinni.

Verði ekki lengur þörf fyrir rekstur Farsældartúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna í núverandi eða breyttu formi, eða rekstur stofnunarinnar leggst af, af einhverjum öðrum ástæðum, skulu eignir stofnunarinnar renna til málefna er lúta að stuðningi við börn og fjölskyldur á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, eftir því sem best hentar á þeim tíma, sbr. þó fyrirvara í samningi stofnunarinnar og Mosfellsbæjar um lóðarréttindi sem vísað er til í 2. mgr. og fylgiskjali II.

Með tillögu um niðurlagningu stofnunarinnar skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar embættis sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskránni. Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá, nr. 977/2023.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 19. september 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG
milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns
og
Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna.

1. gr.

Inngangur, tilgangur og markmið.

Sjálfseignarstofnunin Skálatún og Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, gera með sér neðangreint samkomulag um að Skálatún, eignir og aðstaða sem sjálfseignarstofnunin Skálatún hefur komið upp þar, verði nýtt í þágu barna og fjölskyldna.

2. gr.

Starfsemi Skálatúns á vegum IOGT.

Starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns í Mosfellsbæ, sem stofnuð var af Bindindissamtökunum IOGT á Íslandi, á sér langa og merka sögu. Árið 1953 réðust Bindindissamtökin IOGT í að stofna Barnaheimili templara í Skálatúni, og hófst starfsemin hinn 30. janúar 1954. Á vegum sjálfseignarstofnunarinnar, síðar nefnd Skálatún, hefur síðan verið rekið fjölþætt starf er lotið hefur að þjónustu við fólk með þroskahömlun og miðuð að því að gera einstaklinga sem þar búa sem hæfasta til þátttöku í daglegu lífi. Þjónusta Skálatúns hefur verið í formi búsetuúrræða, dagþjónustu, reksturs vinnustofa, hvíldarinnlagna og skammtímavistana.

3. gr.

Skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar Skálatúns.

Gildandi skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Skálatún var staðfest af sýslumanninum á Norðurlandi vestra 15. maí 2019. Samkvæmt 5. gr. samþykktar ber sjálfseignarstofnunin ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Bindindissamtökin IOGT skipa stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um að komi til ráðstöfunar fasteigna Skálatúns sé það háð samþykki meirihluta stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar, á tveimur stjórnarfundum.

4. gr.

Ný lög um þjónustu við börn, nr. 86/2021.

Hinn 21. júní 2021 samþykkti Alþingi frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og tóku lögin gildi 1. janúar 2022. Miða lögin að því að tryggja börnum, og aðstandendum þeirra, snemmbæran, samþættan stuðning. Lögunum er ætlað að auka samvinnu og bæta samfellu þjónustu við börn og tryggja að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er kveðið á um að úrræði fyrir börn og barna-fjölskyldur skuli endurskipulögð í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meðal þess sem hefur verið í undirbúningi er það varðar er að stofnanir ríkisins sem sinni málefnum barna ásamt fleiri samtökum og þjónustu er varða börn, verði staðsettar á sama stað í nokkurs konar miðstöð barna og fjölskyldna.

5. gr.

Yfirtaka Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna á eignum og skuldum Sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns.

Sjálfseignarstofnunin Skálatún annars vegar og Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna hins vegar eru sammála um að Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, sem stofnuð er af mennta- og barnamálaráðuneyti, yfirtaki með sérstökum afsalsgerningi allar fasteignir sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns, þ.m.t. lóðarréttindi, frá og með 1. júlí 2023, og samhliða yfirtaki áhvílandi veðskuldir, sem á fasteignum sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns hvíla. Jafnframt er samkomulag um að Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna yfirtaki allt lausafé og búnað, hverju nafni sem nefnist, sem í fasteignunum eru.

Sjá nánar lista yfir fasteignir og áhvílandi veðskuldir, viðauki I.

Eignarheimild sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns (þá Barnaheimilis templara) að Skálatúni er byggð á afsali dags. 27. janúar 1953, sbr. áður byggingarbréf dags. 12. september 1947, sbr. og síðar afsal spildu til Mosfellsbæjar dags. 7. apríl 2000.

Fyrir liggur að Mosfellsbær samþykkir fyrir sitt leyti að sjálfseignarstofnunin Skálatún ráðstafi til Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna lóðarréttindum að Skálahlíð 1-15, landnr. 123763, í samræmi við samkomulag þetta.

6. gr.

Fyrirvarar og áskilnaður.

Af hálfu sjálfseignarstofnunnar Skálatúns er ráðstöfun eigna og réttinda, sbr. 7. gr., til samræmis við 2. mgr. 12. gr. skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina, með þeim áskilnaði að eignirnar verði nýttar í þágu barna og fjölskyldna og að samþykki sýslumanns fáið fyrir ráðstöfuninni.

Af hálfu Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna og fjölskyldna er gerður fyrirvari um staðfestingu sýslumanns á skipulagsskrá stofnunarinnar.

Ráðstöfun fasteigna samkvæmt framangreindu, svo og skilmálar samkomulags þessa að öðru leyti, var samþykkt á stjórnarfundum í sjálfseignarstofnuninni Skálatúni hinn 24. maí 2023. Ráðstöfun fasteigna Skálatúns skv. samkomulagi þessu er með fyrirvara um samþykki sýslumanns, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Mosfellsbæ, 25. maí 2023.

VIÐAUKI I

Fasteignir að Skálatúni (Skálahlíð):

Skálahlíð 1-15 – fasteignanúmer 2082330 og landnúmer 123763. Undir fasteignanúmeri Skálahlíðar 1-15 eru eftirfarandi sérmetnar einingar:

- Skálahlíð 3 (Sundlaug), eignarhlutur merktur 17-0101, flatarmál 307,2 m²
- Skálahlíð 3A (Úthlíð), eignarhlutur merktur 22-0101, flatarmál 42,0 m²
- Skálahlíð 3A (Úthlíð), eignarhluti merktur 04-0101, flatarmál 1.017,2 m²
- Skálahlíð 7 (Blönduhlíð), eignarhluti merktur 02-0101, flatarmál 413,1 m²
- Skálahlíð 7A (Litlahlíð), eignarhlutur merktur 16-0101, flatarmál 92,3 m²
- Skálahlíð 7B (Fagrahlíð), eignarhlutur merktur 18-0101, flatarmál 148,8 m²
- Skálahlíð 9 (Hamrahlíð), eignarhluti merktur 06-0101, flatarmál 1.029,7 m²
- Skálahlíð 9A (Gróðurhús), eignarhlutur merktur 21-0101, flatarmál 84,1 m²
- Skálahlíð 9A (Gróðurhús), eignarhlutur merktur 23-0101, flatarmál 106,0 m²
- Skálahlíð 11A (Langahlíð), eignarhlutur merktur 15-0101, flatarmál 471,4 m²
- Skálahlíð 13 (Víðihlíð), eignarhluti merktur 05-0101, flatarmál 677,7 m²
- Skálahlíð 13A (Norðurhlíð), eignarhlutur merktur 19-0101, flatarmál 226,6 m²
- Skálahlíð 13B (Austurhlíð), eignarhlutur merktur 20-0101, flatarmál 226,6 m²
- Skálahlíð 11 (Vesturhlíð), landnr. 123763, hver íbúð í Skálahlíð 11 hefur sitt eigið fasteignanr.
 - Íbúð merkt 240101, fasteignanr. 2311606, flatarmál 83,0 m²
 - Íbúð merkt 240102, fasteignanr. 2319511, flatarmál 67,5 m²
 - Íbúð merkt 240103, fasteignanr. 2319512, flatarmál 68,2 m²
 - Íbúð merkt 240104, fasteignanr. 2319513, flatarmál 68,6 m²
 - Íbúð merkt 240105, fasteignanr. 2319514, flatarmál 67,8 m²
 - Íbúð merkt 240106, fasteignanr. 2319515, flatarmál 67,5 m²

Samhliða yfirtækur íslenska ríkið eftirfarandi veðskuldir:

Áhvílandi á Skálahlíð 1-15, fasteignanr. 2082330:

- Veðskuldabréf, skjal nr. 411-M-000416/1991, upphaflega að fjárhæð 10.765.157 kr.
- Veðskuldabréf, skjal nr. 411-A-001621/1994, upphaflega að fjárhæð 20.151.468 kr.
- Veðskuldabréf, skjal nr. 411-B-013804/1993, upphaflega að fjárhæð 20.715.530 kr.

Veðskuldabréf, skjal nr. 411-B-01964/1997, upphaflega að fjárhæð 46.435.211 kr.
Tryggingarbréf skjal nr. 441-D-000020/2018, upphaflega að fjárhæð 10.000.000 kr.
Veðskuldabréf skjal nr. 441-E-002353/2019, upphaflega að fjárhæð 66.320.786 kr.
Tryggingarbréf skjal nr. 441-B-007465/2021, upphaflega að fjárhæð 20.000.000 kr.
Áhvílandi á Skálahlíð 11:
Fasteignanr. 2319513, veðskuldabréf, skjal nr. 411-U-008485/2009 upphaflega að fjárhæð, 15.969.600 kr.
Fasteignanr. 2311606, veðskuldabréf, skjal nr. 411-U-008486/2009 upphaflega að fjárhæð, 16.181.100 kr.
Fasteignanr. 2319515, veðskuldabréf, skjal nr. 411-U-008484/2009 upphaflega að fjárhæð, 16.181.100 kr.

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG

milli Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. gr.

Inngangur, tilgangur og markmið.

Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna, Mosfellsbær og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gera með sér eftirfarandi samkomulag um að Skálatún, eignir og aðstaða sem sjálfseignarstofnunin Skálatún hefur komið upp þar, verði nýtt í þágu barna og fjölskyldna.

Samhliða samkomulagi þessu verður eftirfarandi gert:

- *Samkomulag Mosfellsbæjar, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns, sem hefur það að markmiði að Mosfellsbær yfirtaki þjónustu við íbúa Skálatúns, og aðra sem njóta þjónustu á vegum sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns.*
- *Samkomulag milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns og Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna sem hefur það að markmiði að Skálatún, eignir og aðstaða sem sjálfseignarstofnunin Skálatún hefur komið upp verði nýtt í þágu barna og fjölskyldna.*
- *Yfirlýsing mennta- og barnamálaráðherra um stofnun styrktarsjóðs forvarnarverkefna í þágu barna í samstarfi við IOGT.*
- *Viljayfirlýsing um uppbyggingu í málefnum barna milli mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra og Mosfellsbæjar.*

2. gr.

Starfsemi Skálatúns.

Samkvæmt samkomulagi sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns og Mosfellsbæjar tekur Mosfellsbær yfir þjónustu við núverandi íbúa Skálatúns í Mosfellsbæ frá og með 1. júlí 2023, sbr. lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónusta Skálatúns hefur verið í formi búsetuúrræða, dagþjónustu og reksturs vinnustofa.

Mosfellsbær skuldbindur sig til að bjóða öllum íbúum að Skálatúni sem þess óska tryggt búsetuform sem uppfyllir kröfur reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. og bráðabirgðaákvæði nr. II við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, á næstu 10 árum.

3. gr.

Afnot Mosfellsbæjar af húsnæði við Skálatún.

Til að Mosfellsbær geti sinnt þjónustu við íbúa Skálatúns skal Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna tryggja að Mosfellsbær hafi afnot af núverandi húsnæði Skálatúns á meðan þörf er í þágu núverandi íbúa. Mosfellsbær afhendir íbúðarhúsnæði að Skálatúni samhliða flutningi íbúa og/eða öðrum breytingum í aðstæðum íbúa. Hafi framangreind afnot húsnæðis

áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu þjónustu í þágu barna og fjölskyldna þeirra munu aðilar leitast við að semja sérstaklega um fyrirkomulag afnota húsnæðis að Skálatúni og afhendingu þess.

Núverandi íbúar Skálatúns skulu eiga forgang að íbúðarhúsnæði að Skálatúni í eigu Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna og greiða sambærilega leigu og í félagslegu húsnæði Mosfellsbæjar. Tryggt verður að íbúar hafi, meðan þeir búa að Skálatúni, húsaleigusamning við Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna um það húsnæði sem þeir leigja.

Jafnframt verði Mosfellsbæ tryggð afnot af sameiginlegu rými í því íbúðarhúsnæði, svo sem starfsmannaaðstöðu og annars nauðsynlegs rýmis til að sinna þjónustu við íbúa.

Mosfellsbær greiðir húsaleigu 3 m.kr. á mánuði fyrir afnot af sameiginlegu rými og aðstöðu til hæfingar miðað við núverandi afnot. Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna sér um hefðbundið viðhald húsnæðis. Mosfellsbær og Skálatún – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna eru sammála um að nýting húsnæðis og viðhald skuli taka mið af því að líklegt er að hluti húsnæðis að Skálatúni muni með tímanum víkja í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna á lóðinni í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Verði viðhaldsþörf meiri en áætlanir gera ráð fyrir í samningi milli aðila verður viðhald umfram áætlanir ekki framkvæmt nema með samþykki bæði Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna og Mosfellsbæjar. Aðilar eru sammála um að fjárhæð leiguverðs verði endurskoðuð eftir því sem afhendingu húsnæðis skv. 1. mgr. vindur fram. Gerður verður sérstakur samningur milli Mosfellsbæjar og Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna þar sem nánar verður kveðið á um afnot af húsnæði, leigutíma, húsaleigu, viðhald o.fl.

Þá er samkomulag um að Mosfellsbær hafi afnot af öllu innbúi sem nýtt er í þágu íbúa og er í húsnæði Skálatúns og hefur verið í eigu Skálatúns, þar á meðal innbúi í húsnæði Skálatúns og skrifstofubúnaði, þar á meðal húsgögn, tölvur og annar tækjabúnaður sem nýttur hefur verið í starfsemi Skálatúns.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuldbindur sig til að veita Mosfellsbæ viðbótarframlag að fjárhæð 20 m.kr. á mánuði miðað við verðlag þann 1. mars 2023 og 34 íbúa og verðbætist sú fjárhæð í samræmi við launavísitölu. Framlagið er reiknað sem 588 þúsund pr. íbúa á mánuði og greiðist í 10 ár frá undirritun samkomulags þessa. Falli íbúi frá, eða flytji úr sveitarfélaginu innan þess tíma, fellur niður framlag vegna viðkomandi íbúa.

5. gr.

Ný lög um þjónustu við börn, nr. 86/2021.

Hinn 21. júní 2021 samþykkti Alþingi frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og tóku lögin gildi 1. janúar 2022. Miða lögin að því að tryggja börnum, og aðstandendum þeirra, snemmbæran, samþætтан stuðning. Lögunum er ætlað að auka samvinnu og bæta samfelli þjónustu við börn og tryggja að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrir-rúmi. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er kveðið á um að úrræði fyrir börn og barnafjölskyldur skuli endurskipulögð í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meðal þess sem hefur verið í undirbúningi er það varðar er að stofnanir ríkisins sem sinni málefnum barna ásamt fleiri samtökum og þjónustu er varða börn, verði staðsettar á sama stað í nokkurs konar miðstöð barna og fjölskyldna.

6. gr.

Lóðarréttindi.

Fyrir liggur að Mosfellsbær samþykkir fyrir sitt leyti að sjálfseignarstofnunin Skálatún ráðstafi til Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna lóðarréttindum að Skálahlíð 1-15, landnr. 123763, samkvæmt samkomulagi sem undirritað er samhliða samkomulagi þessu. Lóðarréttindin hvíla á leigusamningi frá 1947 sem áskilur að landið sé nýtt til búrekstrar. Fyrir liggur

að Mosfellsbær samþykkti uppbyggingu núverandi mannvirkja á landinu til nýtingar þeirrar þjónustu sem þar hefur farið fram undir merkjum sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns.

Sú kvöð fylgir samþykki Mosfellsbæjar að framtíðaruppbygging á svæðinu verði einungis í þágu hagsmuna barna og fjölskyldna. Jafnframt að slík starfsemi verði rekin á vegum ríkis, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og/eða félagasamtaka sem starfa í þágu barna og fjölskyldna þeirra og rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Gert er ráð fyrir að sérstakt samkomulag um uppbygginguna verði undirritað.

Skálatúni – sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna er óheimilt að ráðstafa lóðinni eða hluta hennar til annarra aðila en fram kemur í 2. mgr. nema með samþykki Mosfellsbæjar. Kvöð þessi skal í engu hafa áhrif á þjónustu við núverandi íbúa að Skálatúni sem nú fer fram í þeim mannvirkjum sem nú standa á lóðinni.

7. gr.

Fyrirvari.

Af hálfu Skálatúns – sjálfseignarstofnunar í þágu barna ungmenna og fjölskyldna er gerður fyrirvari um staðfestingu sýslumanns á skipulagsskrá stofnunarinnar.

Mosfellsbæ, 25. maí 2023.

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2024